

**Aukaaðalfundur Húsakynna bs. 2015 haldinn á Hellu þann 23. nóvember 2015 kl: 10,00**

Formaður stjórnar Ingvar Pétur Guðbjörnsson setti fund og stýrði honum. Guðmundi Einarssyni var falið að rita fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Breytingar á samþykktum Húsakynna bs:**

Lagðar voru fram nýjar samþykktir fyrir Húsakynni bs. Samþykktirnar eru sniðnar að breyttu hlutverki byggðasamlagsins í framtíðinni, en fyrirhugað er að frá og með næstu áramótum taki Húsakynni bs að sér rekstur og útleigu á eignum, sem aðildarsveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Samþykkirnar voru samþykktar samhljóða og öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

**2. Önnur mál:**

Rætt um sölu fasteigna. Ákveðið var að setja parhús við Breiðöldu nr. 7 á Hellu á söluskrá í byrjun næsta árs. Einnig var ákveðið að kanna möguleika á að setja parhúsin fjögur við Giljatanga á Laugalandi á söluskrá í einu lagi, ásamt ca 10 hektara aðliggjandi landspildu úr landi jarðarinnar Nefsholts 2, sem er í eigu Rangárþings ytra. Stjórn Húsakynna bs falið að undirbúa málið í samráði við sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 10,40.

Guðmundur Einarsson fundarritari.